— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um styrktarfje í viðurkenning-** **199**
arskyni. — Með 15. gr. fjárlaganna fyrir 1882—83 voru fyrrum landlækni Jóni heitn- 29. sept.
um Hjaltalín veittar 1000 kr. í virðingarskyni um fram eptirlaun, og hafði hann ekkert tekið út af þeim, áður en hann dó. Hefir skiptarjetturinn í Reykjavík, sem hafði dánarbú hans til skiptameðferðar, komið fram með beiðni um, að fá þessar 1000 kr. ávísaðar sjer til útborgunar, og hafið þjer svo, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 27. dag f. m. skotið því til úrslita ráðgjafans, hvort taka megi til greina beiðni skiptarjettarins, og ef svo sje, þá hvort ávísa beri alla upphæðina eða að eins nokkurn hlut hennar.

Af tilefni þessu skal eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jafnvel þótt veitingin sje svo óheppilega orðuð, að vafi hljóti að leika á, hver sje rjettur skilningur á henni, þá hefir þó ráðgjafanum virzt umræðurnar á alþingi bera þess vott, að það hafi að eins verið tilgangur þingsins, að veita Hjaltalín landlækni sjerstaklega viðbót við eptirlaun hans fyrir fjárhagstímabilið, og því álítur ráðgjafinn rjettast að reikna viðbótina á sama hátt sem sjálf eptirlaunin, svo að búinu verði þannig greiddar fyrir mánuðina janúar til júní þ. á. samtals 250 kr.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um tengdir sýslunefndarmanna.** **200**
— Út af tilfelli, er fyrir hefir komið í sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu hafið þjer, 29 sept.
herra landshöfðingi, beðið um álit ráðgjafans um spurningar þær, er hjer skal greina og snerta skilning á sveitastjórnartilskipuninni 4. maí 1872:

1) hvort ákvörðunin í 4. gr. tilskipunarinnar samanborin við 30. gr. sje því til fyrirstöðu, að tengdafaðir og tengdason eigi samtímis sæti í sýslunefndinni; og

2) hvort ákvörðunin í 31. gr. tilskipunarinnar, að «hlutaðeigandi», sem er óánægður með úrskurð sýslunefndarinnar á spurningum þeim, er greinin um getur, geti skotið þeim til amtsráðsins, veiti öðrum heimild til að skjóta spurningunni til amtsráðsins, en þeim nefndarmanni, er úrskurður sýslunefndarinnar hefir fallið andstæður.

Af tilefni þessu skal eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að eptir áliti ráðgjafans er ekkert í 30. gr., sbr. við 4. gr. tilsk. 4. maí 1872, því til fyrirstöðu, að tengdafaðir og tengdasonur sjeu samtímis nefndarmenn í sömu sýslunefnd, og svo hitt, að álíta verður, að sá, sem löglega hefir krafizt þess, að kosning verði ógilt eða nefndarmaður rækur gjör, hafi rjett til að skjóta úrskurði sýslunefndarinnar til amtsráðsins, ef sá úrskurður hefir fallið andstætt kröfu hans.

— **Ágrip af brjefi ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um ferðastyrk handa** **201**
læknaefnum. — Með þessu brjefi tjáði ráðgjafinn sig samdóma landshöfðingja um það, 4. okt.
að veitingin á 13. gr. B. II. b. 4. fjárlaganna væri áætluð, og veitti þess vegna læknisefni 150 kr. styrk, þó búið væri að leggja 2 öðrum læknaefnum á þessu ári sínar 150 kr. hvorum um sig af þeim 300 kr., er getur um í tjeðri fjárlagagrein.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um þjónustu prestakalls.** — **202**
Í þóknanlegu brjefi 15. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þjer hafið á- 5. okt.